# ÁRSFUNDUR VIRK 2024

# ÁRSFUNDUR VIRK 2024

Gerum betur – saman

Vigdís Jónsdóttir forstjóri VIRK

VIRK

# Dagskrá

1. Árið 2023 hjá VIRK
2. Flókin og viðkvæm þjónusta
3. Heilsubrestur og ástæða óvinnufærni hjá einstaklingum sem leita til VIRK
4. Einstaklingar í þjónustu VIRK með annað þjóðerni en íslenskt
5. Ánægðir þjónustuþegar og ávinningur starfsins
6. Starfsendurhæfing, tími og árangur
7. Tækifæri til úrbóta á vinnumarkaði
8. Tækifæri í nýju örorkulífeyriskerfi



# Árið 2023 hjá VIRK

- 2.303 nýir einstaklingar í þjónustu. 1.611 einstaklingar luku þjónustu
- Til VIRK leita einstaklingar á öllum aldri, með mismunandi menntunarstig og úr öllum starfsgreinum
- Að jafnaði berast 70-80 nýjar umsóknir um þjónustu til VIRK í hverri viku
- 30% karlar og 70% konur
- Meðaltími í þjónustu hjá þeim sem luku þjónustu á árinu 2023 var 12,1 mánuður
- 86% útskrifaðra einstaklinga eða 1.385 einstaklingar voru annað hvort í vinnu, atvinnuleit eða í námi við útskrift
- Atvinnulífstenglar VIRK fundu um 270 ný störf fyrir einstaklinga sem útskrifast með skerta starfsgetu eða eiga erfitt með að finna starf við hæfi
- Frá árinu 2017 hafa atvinnulífstenglar VIRK fundið um 1.500 störf fyrir einstaklinga sem útskrifast með skerta starfsgetu eða eiga erfitt með að finna störf við hæfi


Flækjustig og áskoranir í starfsendurhæfingarferli
Opinber stuðningskerfi
Framfærsla í veikindum
Heilbrigðisþjónusta
Félagsþjónusta
Lög og reglur
Sveigjanleiki
Stuðningur
Réttindi á vinnumarkaði
Kjarasamningar
Veikindaréttur
Sjúkrasjóðir stéttarfélaga
Önnur aðstoð frá aðilum vinnumarkaðarins
Einstaklingur
Andleg heilsa
Líkamleg heilsa
Persónueiginleikar
Geta og trú á eigin getu
Hvatning
Þekking og færni
Áhugasvið
Viðhorf
Lífsreynsla
Samskiptafærni
Tengsl við aðra
Félagslegt umhverfi
Fjölskylda
Vinir
Menning
Hvatning
Stuðningur
Vinnuumhverfi
Aðstæður
Menning
Sveigjanleiki
Hvatning
Öryggi

# Ástæður óvinnufærni hjá einstaklingum sem leita til VIRK




- Um 80% glíma við andlegan vanda
- Um 62% glíma við stoðkerfisvanda
- 66% eru með tvær eða fleiri sjúkdómsgreiningar
- Margir glíma auk þess við fjölþættan vanda, bæði heilsufarslegan og annan vanda

# Heilsubrestur eftir kyni og aldri






# Einstaklingar í þjónustu VIRK með annað þjóðerni en íslenskt






# Góður árangur og ánægðir þjónustuþegar




**Þjónustukönnun framkvæmd af Gallup á árinu 2023:**

- Aukin ánægja frá fyrri könnun
- 82% segja að þjónusta og úrræði á vegum VIRK hafi aukið starfsgetu þeirra
- 94% voru ánægð með viðmót og framkomu ráðgjafa VIRK

Metinn ávinningur af starfi VIRK á árinu 2023 er **19,4 milljarðar króna** (Talnakönnun 2024)

# Mikilvægi vinnu




- Sterk tengsl eru milli atvinnuþátttöku og lífsgæða
- Að vera frá vinnu getur ógnað heilsu og lífsgæðum meira en margir alvarlegir sjúkdómar
- Menn skyldu varast að beina einstaklingum alveg frá vinnumarkaði án þess að skoða vel alla möguleika sem kunna að vera til staðar
- Vinna þarf að auknum sveigjanleika til að auka atvinnuþátttöku sem flestra

# Starfsendurhæfing, tími og árangur




- Tímasetningar skipta miklu máli í starfsendurhæfingu
- Löng fjarvera frá vinnumarkaði getur verið áhættuþáttur í sjálfu sér



# Tími skiptir miklu máli

- Það skiptir máli að koma snemma að málum en samt ekki of snemma
- Ef vandinn er margþættur og flókinn þá getur starfsendurhæfing skipt öllu máli
- Það er of algengt að einstaklingar með flókinn vanda komi of seint í þjónustu VIRK
- Við gætum stytt fjarveru frá vinnumarkaði og aukið vinnugetu ef við næðum að tryggja betri upplýsingagjöf og tengsl milli framfærslu og starfsendurhæfingar
- Þetta er sú leið sem lögð er áhersla á víða í okkar nágrannalöndum



# Staðan í dag

- Réttur til launa í veikindum hjá hverjum og einum atvinnurekanda er langur hér á landi samanborið við okkar nágrannalönd
- Það er ekki hlutverk atvinnurekenda að hlutast til um heilsufar starfsmanna sinna
- Það getur því liðið langur tími frá því að starfsmaður veikist/slasast og þar til honum er bent á að leita til VIRK
- Læknar vísa til VIRK og VIRK á gott samstarf við lækna en þeir eru misduglegir að nýta VIRK og aðgengi að læknum er ekki alltaf gott
- Stundum eru veikindin þess eðlis að nauðsynlegt er að beina einstaklingi í aukna virkni og þátttöku



# Tækifæri til úrbóta á vinnumarkaði

- Vinnumarkaðurinn er að breytast
- Einstaklingar eru í styttri tíma en áður í hverju starfi
- „Gigg“ á vinnumarkaði færist í aukana
- Réttur til launa í veikindum hér á landi byggist upp á löngum tíma hjá hverjum atvinnurekanda
- Ef þessi þróun heldur áfram er hætta á að veikindaréttur einstaklinga á vinnumarkaði dragist saman í framtíðinni
- Mikilvægt að endurskoða réttindi og umgjörð á vinnumarkaði
- Mikil tækifæri til að bæta réttindi og þjónustu



# Fyrirhugaðar breytingar á kerfi endurhæfingar- og örorkulífeyris

1. **Aukinn sveigjanleiki í sjúkra- og endurhæfingargreiðslum**
2. **Hlutaörorkulífeyrir með góðu frítekjumarki**
3. **Nýtt samþætt sérfræðimat**
4. **Aukið samstarf stofnana í samþættingarteymum**

- Jákvæðar breytingar fyrir þjónustuþega VIRK
- Aukin áhersla á endurhæfingu – í ljósi þess að endurhæfing hefur á undanförnum árum skilað miklum árangri
- Öruggari framfærsla í endurhæfingarferli
- Aukin tækifæri til atvinnuþátttöku

# Gerum betur - saman

- Við höfum náð miklum árangri á undanförnum árum
- Í frumvarpi um nýtt örorkulífeyriskerfi er lögfest skylda þjónustukerfa til aukins samstarfs
- Það felast mikil tækifæri í enn víðtækara samstarfi, t.d. við aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóði
- Samfélagið er á hraðri ferð inn í nýja og breytta tíma.  Við sem berum ábyrgð á velferðarkerfi samtímans þurfum að tryggja velferð og réttindi til framtíðar í takt við þá þróun sem á sér stað
- Þetta er ábyrgð okkar allra og grundvöllur að árangri er aukin samvinna og samstarf!



# VINNUM SAMAN!

VIRK